

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
114. fundur.

Föstudaginn 16. desember 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fjárhagsáætlun 2012, seinni umræða
3. Fundargerðir:
 - a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 1. nóv. 2011.
 - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 22. nóv. 2011.
 - c) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 25. nóv. 2011.
 - d) Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga, dags. 25. nóv. 2011.
 - e) Aðalfundar Hveravallafélagsins, dags. 7. des. 2011.
4. Bréf:
 - a) Frá Jóni Jónssyni formanni Héraðsnefndar Strandasýslu, dags. 30.11.2011.
 - b) Frá Innanríkisráðuneyti, dags. 28.11.2011.
 - c) Frá Snorraverkefni, dags. 07.11.2011.
 - d) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 21.11.2011.
 - e) Frá Ungmennafélagi Íslands, dags. 29. 11. 2011.
 - f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags 30.11.2011
 - g) Frá Bjarna Ragnarssyni, dags. 06.11.2011.
 - h) Frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún., dags. 23.11.2011.
 - i) Frá Markaðsstofu ferðamála, dags. 07.12.2011.
5. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.05

Samþykkt var að gera þær breytingar á boðaðri dagskrá fundarins að fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún., dags. 15.12.2011 verði tekin fyrir undir dagskrárlið 3f) og erindi frá Valdemar Ásgeirssyni, dags. 11.12.2011 verði tekið fyrir undir dagskrárlið 4j)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Þann 13. des. s.l. var skrifað undir viðauka við samning um sorphirðu við Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar. Samningurinn felur í sér nokkrar breytingar á sorphirðu. Aðal breytingin er sú að farið verður í flokkun sorps frá heimilum og viðbótar sorphirðu fyrir endurvinnsluþæmi verða við hvert heimili. Einnig er gert er ráð fyrir að sorphirðudögum fækki nokkuð og verði að jafnaði um 20 á ári. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar komi til framkvæmda í apríl 2012.

Þann 14. des. s.l. var haldinn fyrsti umræðufundur um möguleika á framhaldsskólanámi í heimabyggð. Fræðslustjóri boðaði til fundarins og fulltrúar frá FSNV kynntu kosti slíks framhaldsnám í heimabyggð

Sveitarstjóra og skólastjóra var falið að funda með foreldum sem sendu inn erindi varðandi skólaaakstur á leið 7 Blönduós-Ásar-Húnavellir.

Farið var yfir leigusamning við fyrirtækið Fyrir hamingjuna ehf., um leigu á skólalúsnæði á Húnavöllum til reksturs sumarhótel næstu þrjú sumur. Sveitarstjóra var falið að undirrita samninginn með ákveðnum fyrirvara.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi sölutilboð ríkisins í eignir á Húnavöllum-Reykjum- og Steinholti.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

114. fundur.

Undir þessum lið var tekið til umræðu erindi sem fært var í trúnaðarmálabók.

2. Fjárhagsáætlun 2012, seinni umræða

Sveitarstjóri kynnti áætlunina og þær breytingar sem orðið hafa á henna frá fyrri umræðu. Samþykkt var að taka tilboði VÍS í tryggingar sveitarfélagsins árið 2012. Samtals að upphæð 2.005.754 kr.

Ekki er gert ráð fyrir Þátttöku í kaupum á klippum vegna Brunavarna A-Hún, sem vísað var til fjárhagsáætlunar frá 106. fundi hreppsnefndar.

Greinargerð við fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2012.

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2012 hefur verið lögð mikil áhersla á að ná fram hagræðingu í rekstri málaflokka og gæta aðhalds í öllum rekstri sveitarfélagsins. Um leið er lögð áhersla á það að allri grunnþjónustu sveitarfélagsins sé sinnt eins vel og kostur er.

Áætlunin er að grunni til byggð á endurskoðaðri áætlun ársins 2011.

Eins og fram hefur komið áður þá lækkuðu framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verulega á árinu 2011. Nú er fyrirsjáanlegt að sú lækkun verði í heild rúmar 39 milljónir, eða um 31,8% af framlögum Jöfnunarsjóðs árið 2010.

Sé tillit tekið til framlags vegna sameiningar sveitarfélaga, sem féll út árið 2011 og var 8.5 millj. kr. árið áður, þá er lækkunin 30,5 millj. kr. eða um 25% milli ára.

Nokkur óvissa er um framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2012, en samkvæmt nýjustu upplýsingum má gera ráð fyrir að þau hækki frá árinu 2011 um rúmar 9 millj. kr.

Áætlað er að skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs hækki samtals um 15,3 millj. kr. frá endurskoðaðri áætlun fyrra árs, eða um 6%

Með auknu aðhaldi í rekstri helstu málaflokka og auknum tekjum þeirra er gert ráð fyrir að ná fram lækkun í rekstri málaflokka, þrátt fyrir að í áætluninni sé gert ráð fyrir 4% verðbólgu og 3,5% hækkun launa.

Í heild er gert ráð fyrir að rekstur málaflokka lækki um rúmar 6 millj. kr. frá fyrra ári, eða um 2,2%

Áætlað er að rekstur eignasjóðs og b-hluta fyrirtækja verði svipaður og á fyrra ári.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði í lágmarki en sinna þarf þó ákveðnum verkefnum, svo sem lokafrágangi á plönunum við Húnavelli ásamt ýmsum viðhaldsverkefnum við fasteignir sveitarfélagsins. Er þar helst að nefna að í áætluninni er gert ráð fyrir að endurnýjaðir verði gluggar í vestur- og suðurhlið Húnavers.

Sveitarfélagið á í viðræðum við stjórnvöld um kaup á hlut ríkisins í fasteignum á Húnavöllum, Steinholti og hlut ríkisins í Reykjajörðinni. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort af samningum verði, þó það teljist líklegt að af þeim geti orðið á árinu 2012.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
114. fundur.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2012:

A og B hluti:	
Tekjur alls:	334,5 millj. kr
Gjöld án afskrifta og fjármagnsliða:	318,8 millj. kr.
Afskriftir:	9,4 millj. kr.
Fjármagnsliðir netto:	5,9 millj. kr.

Veltufé frá rekstri: 13,4 millj. kr.

Fjárhagsáætlunin var borin upp og samþykkt með 5 atkvæðum (ÞS,JS,MS,IS,GHG) tveir sátu hjá (JG, GRH)

3. Fundargerðir:

a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 1. nóv. 2011.
Lögð fram til kynningar.

b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 22. nóv. 2011.
Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 25. nóv. 2011.
Lögð fram til kynningar.

d) Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga, dags. 25. nóv. 2011.
Lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd samþykkti að Húnavatnshreppur gerist stofnaðili að Sambandi orkusveitarfélaga.

e) Aðalfundar Hveravallafélagsins, dags. 7. des. 2011.
Jakob Sigurjónsson fór með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.
Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún., dags. 15. des. 2011.
Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir furðu sinni á mikilli hækkun á framlagi sveitarfélaga til öldrunarþjónustu og telur nauðsynlegt að leitað verði leiða til að ná fram aukinni hagræðingu í þessum málaflokki.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Bréf:

a) Frá Jóni Jónssyni formanni Héraðsnefndar Strandasýslu, dags. 30.11.2011.
Efni: Málefni Byggðasafnsins á Reykjum.
Til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
114. fundur.

b) Frá Innanríkisráðuneyti, dags. 28.11.2011.

Efni: Upplýsingar um að í tillögum innanríkisráðherra um fjögurra og tólf ára samgönguáætlun eru hvorki gerðar tillögur um flutning á hringveginum frá Blönduósi yfir á nýja Svínvetningabraut né flutning hans til suðurs frá Varmahlíð. Innanríkisráðherra lítur svo á að flutningur hringvegarins á þessum stöðum eigi ekki að vera viðfangsefni skipulagsyfirvalda nema sveitarfélögin sjálf óski eftir því.

Lagt fram til kynningar.

c) Frá Snorraverkefni, dags. 07.11.2011.

Efni: Erindi um stuðning við Snorraverkefnið 2012.
Erindinu var hafnað.

d) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 21.11.2011.

Efni: upplýsingar um úthlutun framlaga til nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2012.
Lagt fram til kynningar.

e) Frá Ungmennafélagi Íslands, dags. 29. 11. 2011.

Efni: Tillögur frá 47. Sambandsþingi Ungmennafélags Íslands, sem haldið var á Akureyri 16. október sl.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags 30.11.2011

Efni: Varðar Brunavarnir A-Hún.
Erindinu vísað til stjórnar Brunavarna A-Hún.

g) Frá Bjarna Ragnarssyni, dags. 06.11.2011.

Efni: Ósk um að láta af nefndarstarfi í fræðslunefnd sökum breyttra aðstæðna. Hreppsnefnd samþykkti erindið. E-listi skipaði Jóhönnu Gunnlaugsdóttur sem aðalman í fræðslunefnd í stað Bjarna og Víði Má Gíslason sem varamann í stað Jóhönnu.

h) Frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún., dags. 23.11.2011.

Efni: Jólstyrkur.
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja jólaaðstoð 2011 um 50 þúsund kr.

i) Frá Markaðsstofu ferðamála, dags. 07.12.2011.

Efni: Beiðni um stuðning vegna kostnaðar við verkefni Flugklasans Air 66N, samstarfsverkefni um beint millilandaflug til Norðurlands í gegnum Akureyrarflugvöll.

Hreppsnefnd samþykkti erindið samhljóða.

j) Frá Valdemar Ásgeirssyni, dags. 11.12.2011.

Efni: Umsókn um styrk að upphæð 300 þúsund, eða sem nemur 1/3 af kostnaði við nýja rafmagns heimtaug og tengingu við Sveitabakarí á Auðkúlu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps telur sér ekki fært að verða við beiðni um styrk til einstaklinga eða rekstraraðila vegna nýrrar inntakstaugar og hafnar því erindinu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
114. fundur.

5. Önnur mál.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti að senda erindi til bæjarstjórnar Blönduóss, sveitarstjórnar Skagastrandar og hreppsnefndar Skagabyggðar, þar sem óskað er eftir að samþykktir byggðasamlaga þessara sveitarfélaga verði endurskoðaðar m.a. varðandi kostnaðarskiptingu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir verulegar athugasemdir við vinnubrögð sumra byggðasamlaga varðandi skil á fjárhagsáætlunum, en þeim ber að skila fyrir 1. nóv. ár hvert. Það er hamlandi við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaga séu þær ekki tilbúnar á tilsettum tíma og nánast útilokað að gera athugasemdir við þær.

Fulltrúar A-lista óska eftir að kostnaður vegna Grímstunguhólfs verði bókaður í fundargerð ásamt stöðu samnings við landeigendur Grímstungu.

Fram kom að bókaður kostnaður við Grímstunguhólf er 733.880 kr.

Samningur við landeiganda Grímstungu er til tíu ára. Ársleiga er 40 þúsund kr. og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar. Girðingin er eign landeiganda þegar afnotarétti líkur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir yfir mikilli ánægju með það bætta fjarskiptasamband sem komið er með uppsetningu senda í Vatnsdal og Svartárdal á vegum Vodafone.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps óskar íbúum sveitarfélagsins og starfsmönnum Húnavatnshrepps gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir samskiptin á árinu.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 18.30

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Gísli Hólm Geirsson

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen